

Fundur í Nemendafélgagi 14. apríl kl. 8:20

Dagskrá:

1. Ísbrjótur – Hvað er það besta við vorið?
2. Farið yfir síðustu fundargerð
3. Skólareglur
4. Páskaeggjahappdrætti
5. Nýr skólastjóri
6. Kynning á barnvænu samfélagi
7. Önnur mál

Mættir: Veronika, Díana, Hrafn, Valgarður, Þórdís, Spói, Þóra, Ingibjörg, Olli, Anna Guðrún og Sigga Lára sem ritar fundargerð.

1. Ísbrjótur: Hver og einn sagði frá.
2. Farið yfir síðustu fundargerð: Stólarnir komnir á unglíngastig, þeir eru kannski svolítið háir. Hugmyndakassi ungmennaráðs kemur vel út og komnar nokkrar hugmyndir. Fulltrúar sammála um að við fáum oftast perur og vínber í ávaxtastund – ánægja með það. Stendur til að skoða skólalóðina þegar fer að vora meira, mála línur á körfuboltavöllinn, pógóvöll og annað skemmtilegt og leikjahvetjandi. Setja ný net í fótoltamörkin og skoða möguleika á hliði.
3. Skólareglur: Í tengslum við vinnu Hvalfjarðarsveitar um **Barnvænt samfélag** er búið að tengja Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna við skólareglurnar og bæta við tveimur reglum, „**Öll börn eru jöfn**“ og „**Við tökum vel á móti nýjum nemendum**“. Einnig búið að breyta reglunni „**Við skiljum sælgæti eftir heima**“ í „**Við skiljum mat og sælgæti eftir heima**“.
4. Páskaeggjahappdrætti: Samþykkt að sleppa páskaeggjum núna á árshátíð þar sem páskarnir voru fyrir tveimur vikum. Nemendafélagið kaupir í staðinn nokkur spil sem dregin verða út. Tillögur um spil: Hilo – Skip bo – Uno flipp - ticket to ride
5. Nýr skólastjóri: Gengið hefur verið frá ráðningu nýs skólastjóra, Anna Margrét Tómasdóttir. Hún mun mæta eitthvað til okkar á vordögum og fá tækifæri til að kynna nemendum og starfsfólki. Hún tekur formlega við stöðu skólastjóra 1. ágúst nk. Fulltrúum leist vel á nýjan skólastjóra.

6. Kynning á barnvænu samfélagi: Fulltrúar úr ungmennaráði, tengiliðir skólans í farsæld og Anna Guðrún og Andrea frá Hvalfjarðarsveit kynna barnvænt samfélag á hverju stigi n.k. fimmtudag.
7. Önnur mál: Komnar nokkrar hugmyndir úr hugmyndakassa Ungmennaráðs t.d. kastalinn á skólalóðinni vaggar mikið, það þarf líka að skoða rólurnar og panta nýja fótbolta.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 8:35